

Reykjavík 13. febrúar 2015.

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Efni: Upplýsingar frá óbyggðanefnd vegna tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015–2026.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar til óbyggðanefndar, dags. 19. desember 2014, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015–2026.

Fyrst skal þess getið að óbyggðanefnd sinnir ekki lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála eða leyfisveitingum þeim tengdum. Nefndin er því ekki umsagnaraðili í skilningi skipulagslaga nr. 123/2010, samanber skilgreiningu þess hugtaks í 23. tölul. 2. gr. laganna. Engu að síður er eftirfarandi upplýsingum komið á framfæri um mörk eignarlanda og þjóðlendna samkvæmt niðurstöðum óbyggðanefndar og dómstóla.

Á bls. 41 í tillögu til kynningar Landsskipulagsstefnu 2015-2026, segir m.a. að skipulagsmál á miðhálandinu miðist við afmörkun miðhálandisins eins og hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Einnig segir að afmörkunin „... miðast í grunninn við línu dregna á milli heimalanda og afrétta en sem var aðlöguð staðbundið í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila við vinnslu svæðisskipulagsins.“

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Löggin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.


Nú liggja fyrir samtals 60 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendlögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Óbyggðanefnd hefur nú lokið umfjöllun um eignarlönd og þjóðlendur á 76% af landinu öllu og 92% lands á miðhálandinu, samkvæmt hinni skipulagslegu skilgreiningu á því hugtaki. Af framangreindum 92% af miðhálandinu eru 88% þjóðlendur og 12% eignarlönd. Um stöðu þjóðlendumála og niðurstöður um þjóðlendur og eignarlönd á einstökum svæðum vísast til meðfylgjandi korta. Afmörkun þjóðlendna gagnvart eignarlöndum er í mörgum tilvikum önnur en afmörkun miðhálandisins eins og hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

Óbyggðanefnd hefur nú til meðferðar ágreiningsmál er varða landsvæði á svonefndu svæði 8b (8 vestur), þ.e. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli. Aðalmeðferð málanna er lokið og unnið er að úrskurðum. Þá hefur

Óbyggðanefnd einnig tekið til meðferðar svæði 9, þ.e. Snæfellsnessýsla og Dalasýsla ásamt fyrrum Bæjar- og Broddaneshreppum og fyrrum Kolbeinsstaðahreppi, og veitt fjármála- og efnahagsráðherra frest til 1. mars 2015, til að skila kröfum um þjóðlendur á svæðinu, ef einhverjar eru. Eftir er að taka til meðferðar svæði 10, þ.e. Vestfirðir, og svæði 11, þ.e. Austfirðir. Auk þess er eftir að fjalla um eyjar umhverfis landið.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa óbyggðanefndar.

Virðingarfyllst



Ingibjörg Bjarnadóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri.

Meðfylgjandi:

Yfirlitskort yfir stöðu þjóðlendumála á landinu öllu.

Yfirlitskort yfir þjóðlendur á á svæðum 1–8a skv. úrskurðum óbyggðanefndar og niðurstöðum dómstóla.